



Sauðárkróki, 14. maí 2020

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um frumvarp til laga um opinberan stuðning til fjárfestinga í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum, mál 711.

Bygðastofnun telur að stofnun sjóðs með markmið sem honum eru ætluð sé skynsamleg leið til að nálgast það verkefni að styðja við nýsköpunar- og sprotafyrirtæki án þess að sjóðurinn sem slíkur sé að velja einstök fyrirtæki sem fá stuðning.

Samkvæmt frumvarpinu á að skipa sjóðnum fimm manna stjórn. Bygðastofnun telur að gæta þurfi að því að byggðasjónarmið komi til álita við val á sjóðum sem fjárfest er í. Það gæti gerst með því að í stjórn hans væri t.d. annað hvort fulltrúi frá Bygðastofnun eða skrifstofu sveitarfélaga og byggðamála í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu. Rétt er að fram komi að Bygðastofnun setti upp lánaflokk árið 2018 til að stuðla að aukinni nýsköpun í landsbyggðunum. Einnig vill stofnunin benda á að í stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024 sem samþykkt var samhljóða á Alþingi í júní 2018 er lögð veruleg áhersla á nýsköpun á ýmsum sviðum, auk þess sem í byggðaáætlun er lögð áhersla á að metnir verði kostir þess að staðsetja nýja starfsemi á vegum ríkisins utan höfuðborgarsvæðisins. Þetta þarf að gera með formlegum hætti þegar tekin er ákvörðun um staðsetningu og umsýslu sjóðsins.

Fyrir hönd Bygðastofnunar,

---

Guðmundur Guðmundsson  
*Sérfræðingur á þróunarsviði Bygðastofnunar*